



2, 10.

N. STEINGRÍMUR THORLÁKSSON  
RITSTJÓRI.

Sept. 1907

*SÁNING OG UPPSKERA.*

Ræða flutt við barnaguðsþjónustu í Selkirk 15. sd. e. tr. 1907.

Texti: Gal. 6, 7.

Ungu vinir!

Drengur nokkur heyrði illa, eða það var haldið um hann, að hann heyrði illa; því þegar hann var beðinn að gera eitthvað, þá heyrði hann ekki, þótt kallað væri hátt. Mamma hans hélt, að eitthvað hlyti að ganga að heyrninni hans, og væri nauðsynlegt að fara með hann til læknis. Samt var það ekki gert; enda kom í ljós, að það var ekki nauðsynlegt og að annað gengi að piltinum.

Faðir hans ætlaði sér rétt á eftir þessu að keyra með hesti sínum út á land, og spurði son sinn, hvort hann vildi vera með. Drengur heyrði nú vel, þó faðir hans talaði í lágum róm. Og nú var tekið eftir því, að hann heyrði vel það, sem hann *vildi* heyra; en var heyrnarsljór á hitt, sem honum var ógeðfelt.

Það var ljótt af drengnum að vera svona. Og þá er líka ljótt að líkjast honum. Eða hvort finst ykkur það ekki? Eg

tel það sjálfsagt. En er það þá ekki ljótt — miklu ljótara — að vilja ekki heyra, þegar guð, himneski faðirinn, talar til okkar? Vissulega! Svo ljótur ætti enginn að vera.

Nú talar hann við ykkur í orði sínu. Þá vill hann að þið hlustið og takið eftir því, sem hann segir við ykkur. Hann vill ekki, að þið séuð eins og drengurinn, sem á var minnst. Og þið verðið að muna það, að líkjast honum ekki.

Þið heyrðuð pistil dagsins lesinn. Tókuð þið eftir því, að minst er á *sáning* og *uppskeru*? Já, það er minst á þetta, því við heyrðum, að sagt er: *Það, sem maðurinn sáir, það mun hann uppskera.*

Hvað vill nú drottinn tala við ykkur um með þessu? Hann vill einmitt fá að tala við ykkur um *sáning* og *uppskeru*. Hann segir við ykkur: Ef sáningin er vond, þá verður uppskeran vond. Munið eftir því að láta sáninguna vera góða; þá verður uppskeran líka góð.

Viljið þið nú taka eftir þessu og hugsa um það?

Þið vitið, hvað sáning er—þetta, sem gert er á vorin, þegar sáð er í akrana hveiti og höfrum og byggi og öðru þesskonar, og í garðana ýmsu maturta-fræi. Og þið vitið, hvað uppskera er—þetta, sem gert er seinna part sumars og á haustin, þegar öllu því er safnað saman, sem sáð var til, eftir að það hefur fengið fullan þroska. Og þið vitið, að öllum þykir svo undur vænt um að fá góða uppskeru.

En góð uppskera fæst ekki nema útsæði eða fræ sé gott og vel sé hirt um akra og garða. Það er ekki nóg að vilja fá góða uppskeru og vilja fá að gleðjast út af henni. Það verður að gera alt, sem unt er, til þess að góð uppskera fáiist. Að vísu gefur guð góða veðrið, og *hann* gefur góða uppskeru. En hann vill, að mennirnir geri samt alt, sem í valdi þeirra stendur. Og lætur þá reyna, að ef þeir gera það ekki, þá hafa þeir ilt af því.

Þetta var nú um sáning og uppskeru í náttúrunni. En það er ekki um það, sem hann aðallega vill tala við ykkur, þegar hann segir: „Það, sem maðurinn sáir, það mun hann uppskera.“ Með þessari sáning og uppskeru, sem við höfum talað um, minnir hann á annarskonar sáning og uppskeru. Hvað

haldið þið þá hann eigi við? Þið skiljið, að guð á við andlega sáning og uppskeru. Hann á við það, sem þið sáið hjá ykkur sjálfum, og það, sem þið svo uppskerið af því.

Þið skiljið þá, að þið *sjálf* eruð akurinn eða garðurinn eða reiturinn, sem sáð er í annaðhvort góðu eða illu útsæði. Og svo þurfið þið líka að skilja, að nú, í *æsku ykkar*, fer þessi sáning aðallega fram. Scinna uppskerið þið svo það, sem *þú* var sáð til. Eða með öðrum orðum: lífið ykkar bæði hérna og hinum megin fer eftir því, hvernig sáningin ykkar var. Ef þið eigið að verða góð og hamingjusöm og sæl, þá verðið þið að sá til góðleika og hamingju og sælu. Annars verðið þið vond og ólánssöm og vansæl.

Þið skiljið þá, hvað nauðsynlegt er fyrir ykkur, að *sáningin* hjá ykkur sé góð, svo *uppskeran* verði góð og svo þið megið gleðjast af góðri uppskeru. Að vísu gefur guð líka þessa góðu uppskeru. Þið getið ekki gefið ykkur hana sjálf. En hann vill samt, að þið gerið alt, sem ykkur er unt, til þess hún verði góð. Og þeim öllum, sem gera það sem hann vill, gefur hann áreiðanlega góða uppskeru. Öðrum ekki.

Þegar þið hlýðið foreldrum ykkar og kennurum, þá hlýðið þið guði, því guð hefur sagt í 4. bókordinu—þið munið, hvað hann segir: „Heiðra skaltu föður þinn og móður, svo þér vegni vel og þú verðir langlífur í landinu.“ — „Svo að þér vegni vel“—segir hann, eða: svo að uppskeran þín verði góð. Hlýðnin er þá *góð* sáning. En óhlýðnin verður þá *vond* sáning. Og þá verður uppskeran líka vond.

Svo annað. Ef þið lærið að iðrast, og biðjið bæði foreldra ykkar og guð um fyrirgefning, þegar þið hafið verið vond, og þið biðjið guð að hjálpa ykkur til þess að verða betri, þá er sáningin ykkar góð, og þá verður uppskeran líka góð. En ef þið viljið ekki kannast við það, þegar þið hafið verið vond, heldur afsakið ykkur og reynið að fela syndir ykkar, þá er sáningin vond og þá verður uppskeran líka vond.

Enn þá eitt. Ef þið lærið að trúá á Jesúm, frelsarann ykkar, og að treysta því, að vegna hans elski guð ykkur og geri ykkur að börnunum sínum og láti *alt* verða ykkur til góðs, svo *framarlega* sem þið hlýðið honum, þá er það góð sáning. Og

þá verður uppskeran áreiðanlega góð. En ef þið viljið ekki trúa á Jesúm og treysta náð guðs og elska guð og hlýða honum, þá er sáningin vond og þá verður uppskeran líka áreiðanlega vond.

Eitt enn. Ef þið viljið nota tímann ykkar vel, ganga í skóla og leggja alt kapp á að læra, þá er sáningin góð, og þá verður uppskeran það líka. En ef þið viljið ekki ganga í skóla, nema þegar ykkur sýnist, og viljið heldur flækjast einhversstaðar í vondum solli eða bara gera eitthvað, sem ykkur sjálfum sýnist, þá er sáningin vond. Eða ef þið viljið ekkert læra, þó þið gangið í skóla, takið ekkert eftir, eruð að gera alt annað en það, sem þið eigið að gera, eruð löt og svikul við nám ykkar, þá er sáningin vond. Uppskeran verður það þá líka.

„Eins og maðurinn sáir, eins mun hann uppskera“—stendur skrifað. Og það stendur líka skrifað: „Guð lætur ekki að sér hæða.“ Enginn breytir því lögmáli guðs. Sá, sem þykist geta fengið góða uppskeru, þó hann sái hinu vonða, er að hæðast að guði—*að heilögum lögum hans.*

Nú er daglegi skólinn að byrja hér og á all-flestum stöðum öðrum. Svo nú byrjið þið á ný á skólagöngu ykkar. Mun-ið þá að nota þennan tíma vel, og að hafa guð með ykkur í skólanum. Þau börn, sem gera það, sýna það með hegðan sinni og iðni. Enda læra þau. Læra það líka, sem mest á ríður að læra fyrir hvern mann. Þau læra að verða góð og gagnleg.

Látið ykkur þá þykja vænt um skólagönguna ykkar. Öll börn gera það, sem færa sér hana vel í nyt. Því þau einmitt reyna blessun þá, sem hún hefur í för með sér. Hinum, sem illa fara með skólagönguna sína, verður eðlilega illa við skólann; því skólagangan gerir þeim ekkert gott, þau geta ekki fundið til þess, að það geri þeim neitt gott, sem þau hafa ekki fært sér í nyt. Eins og búast má við vilja þau helst komast hjá því að fara í skólann. Og hafa ekkert nema ilt að segja um skólann og kennarann. Þau kenna þá öðrum um það, sem þeim sjálfum er að kenna. Skólinn er vondur og kennararnir eru vondir, af því þau sjálf eru vond.

Slík börn megið þið ekki vera. Og svo megið þið heldur ekki láta slík börn freista ykkar og koma ykkur til þess að verða vond eins og þau. Og ef þið skylduð sjá börn, sem heldur vilja vera úti í söllinum en fara í skóla, þá megið þið ekki láta þau spilla ykkur. Reynið heldur að hafa áhrif á þau til góðs — að koma þeim til þess að fara með ykkur í skóla; því þegar þið hafið góð áhrif á önnur börn, þá er það líka góð sáning, sem undirbýr góða uppskeru.

En þegar eg tala um skólagöngu, þá er eg líka að hugsa um sunnudagsskólann. Þið eigið þar að læra um fram alt að sá til eilífrar uppskeru; því þar er ykkur kent guðs orð, sem kennir ykkur að þekkja guð og frelsarann og að trúá á hann og elska hann og hlýða honum. Hér lærið þið þá að skilja það, að lífið alt er skólaganga og undirbúningur undir eilífðina. Og að ríði á því fyrir ykkur, að í þeim mikla skóla séuð þið stöðugt lærisveinar Jesú, því þá útskrifist þið úr honum, þegar drottinn kallar ykkur, og verðið flutt upp í fullkomna skólann á himnum.

Munið þá eftir því, að nota líka vel sunnudagsskólann. Guð tekur eftir því, hvernig þið gerið það. Hann launar ykkur með góðri uppskeru, ef þið notið ykkur hann vel. En ef þið notið ykkur hann illa — komið, þegar ykkur sýnist, og hagið ykkur þar eins og ykkur sýnist, eða farið alls ekki þangað, ef ykkur sýnist, þá eruð þið að sá til vondrar uppskeru. Því gáid að: sá, sem hér í lífi einskisvirðir guð og orð hans, fær ekki að vera hjá guði síðar meir, *því það, sem maðurinn sáir, það mun hann og uppskera.*

Jakob Riis, danski mannvínurinn, segir á einum stað í æfisögunni, sem hann hefur ritað um Roosevelt, forseta Bandaríkjanna: — „Mér varð að segja við forsetann, að ef eg kæmi aftur til Washington, þá tæki eg með mér drenginn minn. ‘En þá verði þér’ sagði eg, ‘að spyrja hann, hvort hann gangi reglulega í sunnudagsskóla’. Brosandi spurði hann mig, því hann ætti að gera það. Eg svaraði, að drengurinn freistaðist stundum af góðu veðri og leikjum til þess að fara ekki í skólann, ‘en þá vil eg biðja hann að gá að sér og muna eftir því, að þegar við komum til Washington, verði hann spurður að því af forsetanum, hvort hann gangi reglulega í sunnudagsskóla. Þegar eg nú kom þangað með Vivi, var eg alveg búinn að gleyma þessu, en forsetinn mundi það; því hann tók drenginn á milli knjána á sér og spurði hann, hvort hann gengi reglulega í sunnudagsskóla, eins og hver góður drengur ætti að gera.

Og vænt þótti drengnum mínum um, að þá gat hann játað því með góðri samvisku.“

Ef nú þetta var hvöt fyrir þennan dreng til þess að ganga reglulega í sunnudagsskóla, hve miklu meiri hvöt til þess ætti það að vera ykkur öllum, að þið vitið, að guð tekur eftir því, hvort þið gangið í sunnudagsskóla og hvernig þið færið ykkur hann í nyt. Líka það, að hann mun á sínum tíma, þegar þið komið til hans, spyrja ykkur öll, hverskonar börn þið hafið verið, og letur svo uppskeruna fara eftir því, hvílik börn þið hafið verið.

Væri þá ekki gott að geta haft góða samvisku, eins og sonur Jakobs Riis, þegar hann stóð fyrir framan Roosevelt forseta? Vafalaust finst ykkur það.

Nú að síðustu fáein orð um uppskeruna í viðbót við það, sem um hana hefir þegar verið sagt. Hver er hún þá? *Góð samviska*. Það er dýrðleg uppskera. Vond samviska eða sofandi samviska er uppskera þeirra, sem vondir eru. — Enn fremur: *Meiri og meiri löngun til þess að elska guð og hlýða honum*. Líka dýrðleg uppskera. En meiri og meiri óbeit á guði er uppskera þeirra, sem vondir eru. — Enn fremur: *Ánægja og fögnuður og friður og margskonar blessun í þessu lífi og síðar meir eilíft líf*. En hvað uppskeran sú er dýrðleg! En óánægja og gremja og ólán og glötun er uppskera þeirra, sem vondir eru; *Því það, sem maðurinn sáir, það mun hann og uppskera*.

Ungu vinir! Gáið nú vel að, hverju þið sáið. Sáið í Jesú nafni. Þá uppskerið þið í Jesú nafni. *Guð* gefur ykkur góða uppskeru. Og þá verðið þið í hópi allra þeirra, sem fagna yfir góðri uppskeru á uppskeru-deginum mikla.

---

### MYNDIN HENNAR MÖMMU HANS.

Smásagan, sem hér segir frá, gerðist 1. Maí 1898 á Manila-flóa, við Filippín-eyjarnar. Það var sjóorustu-daginn mikla, þegar sjóliðsforingi Bandaríkjanna, George Dewey, vann sigurinn fræga yfir Spánverjum. Alt var undir orustuna búð. Og nýbúið var að gefa skipanina: „Allir búnir til orustu!“ Þá kom smá-atburður fyrir, sem í sjálfu sér var svo litilfjörlegur, að enginn hefði veitt honum eftirtekt, ef ekki hefði verið fyrir annað, sem gerði hann merkilegan.

Piltur einn á skipi sjóliðsforingjans misti treyjuna sína útbýrðis. Í augum hans var þetta stór-tjón. Hann gat ekki séð

af treyjunni. Varð að ná henni. Hann snýr sér því óðar til kapteinsins og biður hann að lofa sér að stökkva í sjóinn og ná treyjunni sinni. Auðvitað neitar kapteinninn honum um það. Það gerði vitanlega ekkert til um treyjuna. Að vera að hugsa um *treyjuna sína*, þegar eins stæði á og nú, væri tómur barnaskapur. En pilturinn getur ekki séð það í þessu ljósi. Hann bregður því við og fer hinum megin við skipið, klifrar ofan kaðal-stigann, syndir í kring um skipið þangað, sem treyjan hans hafði dottið niður, og nær henni. En þegar hann kemur upp aftur á skipið er hann tekinn fastur og settur í bönd. Óhlýðni hans hafði verið veitt eftirtekt. Hún var ekkert smáatriði í augum kapteinsins, sem við var að búast. Hann er svo látinn sitja í böndum þangað til orustunni er lokið. En þá er honum stefnt fyrir herrétt fyrir óhlýðni gegn banni yfirmanns síns. Og rétturinn dæmir hann sekan.

Mál hans vekur nú eftirtekt Dewey's. Honum er ekki unt að skilja í því, hvernig á því geti staðið, að pilturinn skyldi stofna lífi sínu í hættu og gera sig sekan í öðru eins broti, að eins vegna einnar treyju. Honum finst, að eitthvað hljóti að vera saman við þetta, sem ekki hafi komið fram við réttarhaldið. Hann fer því sjálfur til pilsins og talar hlýlega við hann og biður hann að segja sér alt um það, hvers vegna hann hafi verið svona óhlýðinn. Þá fer pilturinn að gráta og segir honum frá öllu saman: *að myndin af henni mömmu sinni hafi verið í treyjunni.*

Nú er gátan ráðin. Dewey sér viðburðinn í alt öðru ljósi, og kemst við af kærleika þeim, sem piltur þessi bar til hennar móður sinnar. Og með tárin í augunum faðmar hann hann að sér og náðar hann svo með þessum unmmælum: „Piltar, sem unna henni móður sinni svo heitt, að þeir fórna lífi sínu fyrir myndina af henni, verða ekki látnir sitja í böndum á neinu skipi þessa flota.“

Þegar þetta var orðið uppskátt, mundu nokkrir eftir því, að rétt áður en pilturinn varð fyrir þessu slysi með treyjuna sína höfðu þeir séð hann taka eitthvað upp úr vasa sínum, horfa á það allra snöggvast og svo kyssa það. Pilturinn vissi

ekki nema þessi dagur yrði síðasti dagurinn hans. Þess vegna vildi hann kveðja hana mömmu sína og kyssa áður en hann gengi út í dauðann. Og þegar treyjan hans fór í sjóinn, gat hann ekki afborið að hugsa til þess, að myndin af henni mömmu hans færi í sjóinn. En fyrir hvað og hvern átti hann að fórna sér, ef ekki fyrir hana mömmu sína? Hún mátti ekki fara í sjóinn, og ekki neitt, sem heyrði henni til.

Í „sjóinn“ viljum við ekki að neitt fari, sem okkur þykir vænt um.

---

### TIL GAMANS.

---

Í skóla einum, þar sem margir kennarar voru, kom fyrir atvik, sem ungu kennurunum þótti gaman að. Miss Blank hét kennarinn einn og var farin að eldast. Hún kendi í fyrsta bekk skólans. Drengur einn kom í skólann, sem Haraldur hét. Það var fyrsti dagurinn hans í skólanum. Miss Blank kemur til hans og spyr: „Hvað heitir þú?“

„Haraldur Smith,“ svaraði drengurinn einarðlega.

„Hvað ertu gamall?“—spyr hún hann svo.

„Sex ára!“—svarar Haraldur; „en hvað gömul ert þú?“—spurði hann.

Og eru hinir yngri kennarar skólans enn að hlæja að því.

---

„Sameiningin“ kemr út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð einn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. „Börnin“—barnablaðið nýja—er sérstök deild í „Sam.“, hálf örk. Address ritstjóra „Barnanna“: Selkirk, Man. — „Börnin“ koma og út sérstaklega—og eru seld fyrir 35 ct.

---

Hr. Sigrbjörn A. Gíslason í Reykjavík er aðal-umboðsmaður „Sam.“ á Íslandi.

Hr. Jón J. Vopni er féhirðir og ráðsmaður „Sam.“ og „Barnanna“.

Address: Sameiningin, P. O. Box 689, Winnipeg, Man.  
Canada.